

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 165/2010

2010/EES/56/34

frá 26. febrúar 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum að því er varðar aflatoxín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum ⁽²⁾ eru fastsett hámarksgildi fyrir aflatoxín B₁ og heildarinnihald aflatoxína (aflatoxín B₁ + G₁ + B₂ + G₂) í ýmsum matvælum.
- 2) Nauðsynlegt er að breyta tilteknum hámarksgildum fyrir aflatoxín í tilteknum matvælum til að taka tillit til þróunar í alþjóðamatvælaskránni og nýrra upplýsinga sem komið hafa fram nýlega í vísindalegri ráðgjöf.
- 3) Í alþjóðamatvælaskránni eru fastsett gildi sem eru 15 $\mu\text{g/kg}$ fyrir heildarinnihald aflatoxína í möndlum, heslihnetum og pistasíuhnetum, sem ætlaðar eru til frekari vinnslu, og 10 $\mu\text{g/kg}$ fyrir heildarinnihald aflatoxína í möndlum, heslihnetum og pistasíuhnetum sem eru „tilbúnar til neyslu“ ⁽³⁾.
- 4) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (hér á eftir nefnd sérfræðinganefndin) samþykkti 25. janúar 2007 álit um hugsanlega aukna áhættu fyrir heilbrigði neytenda af völdum hugsanlegrar hækkunar á núverandi hámarksgildum fyrir aflatoxín í möndlum, heslihnetum

og pistasíuhnetum og afurðum úr þeim ⁽⁴⁾. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að breytingar á hámarksgildum fyrir heildarinnihald aflatoxína úr 4 í 8 eða 10 $\mu\text{g/kg}$ í möndlum, heslihnetum og pistasíuhnetum myndu hafa óveruleg áhrif á mat á fæðutengdum váhrifum, áhættu á krabbameini og reiknuðum váhrifamörkum. Sérfræðinganefndin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að váhrif af völdum aflatoxína frá öllum gjöfum skuli ekki vera meiri en raunhæft er að ætlast til að megi ná vegna þess að aflatoxín hafa erfðaeiturhrif og eru krabbameinsvaldandi. Gögnin gefa til kynna að unnt sé að minnka fæðutengd heildarváhrif af völdum aflatoxína með því að fækka þeim fjölda matvæla, sem innihalda mikið af aðskotaefnum, sem sett eru á markað, með skilvirkari framfylgd og með því að draga úr váhrifum frá öðrum matvælum en möndlum, heslihnetum og pistasíuhnetum.

- 5) Sérfræðinganefndin samþykkti 16. júní 2009 yfirlýsingu um áhrif á lýðheilsu sem hljóstast af því að hækka gildi fyrir heildarinnihald aflatoxína úr 4 $\mu\text{g/kg}$ í 10 $\mu\text{g/kg}$ fyrir trjáhnetur aðrar en möndlur, heslihnetur og pistasíuhnetur ⁽⁵⁾. Sérfræðinganefndin komst að þeirri niðurstöðu að á grundvelli upplýsinga, sem lágu fyrir árið 2007, hafi það ekki alvarleg áhrif á lýðheilsu að hækka gildin fyrir heildarinnihald aflatoxína úr 4 $\mu\text{g/kg}$ í 10 $\mu\text{g/kg}$ fyrir aðrar trjáhnetur, þ.m.t. parahnetur. Miðað við núverandi umræður á vettvangi alþjóðamatvælaskrárinnar um hámarksgildi fyrir aflatoxín í parahnetum er rétt að samræma gildi fyrir aflatoxín í parahnetum við gildi alþjóðamatvælaskrárinnar fyrir möndlur, heslihnetur og pistasíuhnetur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 50, 27.2.2010, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

⁽³⁾ Codex General Standard for Contaminants and toxins in foods (CODEX STAN 193-1995) http://www.codexalimentarius.net/download/standards/17/CXS_193e.pdf

⁽⁴⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 446, 1–127. http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/CONTAM%20_op_ej446_aflatoxins_en.pdf?ssbinary=true

⁽⁵⁾ Yfirlýsing sérfræðinganefndar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um áhrif á lýðheilsu af því að hækka gildi fyrir heildarinnihald aflatoxína úr 4 $\mu\text{g/kg}$ í 10 $\mu\text{g/kg}$ fyrir trjáhnetur aðrar en möndlur, heslihnetur og pistasíuhnetur. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 1168, 1–11. http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Statement/contam_statement_ej1168_aflatoxin_other_treenuts_en,0.pdf?ssbinary=true

6) Í alþjóðamatvælskránni eru einungis fastsett hámarksgildi fyrir heildarinnihald aflatoxína. Samsvarandi gildi fyrir aflatoxín B₁ var ákvarðað með því að nota gagnagrunn um aflatoxín í matvælum sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notaði fyrir mat á váhrifum.

7) Í álitni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu kemur fram að váhrif á menn af völdum aflatoxína stafa að talsverðu leyti frá olíufræjum og afurðum úr þeim. Matvælaöryggisstofnun Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að váhrif af völdum aflatoxína frá öllum gjöfum skuli vera svo lítil sem raunhæft er að ætlast til að megi ná. Tilkynningar í hraðviðvörðunarkerfinu fyrir matvæli og fóður benda einnig til þess að olíufræ, t.d. sólblómafræ, melónufræ o.þ.h., innihaldi mikið af aflatoxínum. Því er lagt til að einnig verði sett hámarksgildi fyrir önnur olíufræ en jarðhnetur í samræmi við núverandi hámarksgildi fyrir jarðhnetur. Þar eð aflatoxín eru nær alveg fjarlægð í framleiðsluferlinu fyrir hreinsaða jurtaolíu er rétt að undanskilja olíufræ, þ.m.t. jarðhnetur, sem ætlaðar eru í mulning til framleiðslu á hreinsaðri jurtaolíu og í hreinsaða jurtaolíu.

8) Hámarksgildið 2 $\mu\text{g}/\text{kg}$ hefur verið sett fyrir aflatoxín B₁ og 4 $\mu\text{g}/\text{kg}$ fyrir heildarinnihald aflatoxína í öllu korni og öllum afurðum úr korni, að undanskildum maís sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en hann er notaður til mannelis en fyrir hann hefur verið sett hámarksgildið 5 $\mu\text{g}/\text{kg}$ fyrir aflatoxín B₁ og 10 $\mu\text{g}/\text{kg}$ fyrir heildarinnihald aflatoxína. Innihald aflatoxína í hýðishrisgrjónum er alla jafna lítillaga yfir hámarksgildum. Eftir mölun, sem er ferli sem fjarlægir hýðið, er innihald aflatoxína í hvítum, slípuðum hrisgrjónum undir hámarksgildunum. Því er við hæfi að beita sömu aðferð við hrisgrjón og nú er notuð varðandi maís og setja hærri hámarksgildi fyrir aflatoxín B₁ og heildarinnihald aflatoxína í hrisgrjónum, sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum, áður en þau eru notuð til mannelis eða sem innihaldsefni í matvælum.

9) Hámarksgildin eiga við um æta hluta trjáhnetanna. Nýleg, vísindaleg gögn hafa þó leitt í ljós að hluti af aflatoxínmenguninni getur verið á skurn parahneti. Því er rétt að breyta neðanmálgreininni í viðaukanum þar sem tilgreindar eru verklagsreglur sem fara skal eftir ef trjáhnetur „með skurn“ eru efnagreindar til að tekið sé tillit til þessara nýlegru, vísindalegu upplýsinga.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Sértæk ákvæði fyrir jarðhnetur, önnur olíufræ, trjáhnetur, þurrkuð aldin, hrisgrjón og maís

Jarðhnetur, önnur olíufræ, trjáhnetur, þurrkuð aldin, hrisgrjón og maís, sem samræmast ekki þeim ákvæðum um hámarksgildi aflatoxína sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.5, 2.1.6, 2.1.7, 2.1.8, 2.1.10 og 2.1.11 í viðaukanum, má setja á markað að því tilskildu að þessi matvæli:

a) séu hvorki ætluð til beinnar neyslu né til nota sem innihaldsefni í matvælum,

b) uppfylli viðeigandi hámarksgildi sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.1, 2.1.2, 2.1.3, 2.1.4, 2.1.9 og 2.1.12 í viðaukanum,

c) séu meðhöndluð með flokkun eða öðrum eðlisfræðilegum aðferðum og að ekki sé, að lokinni þeirri meðhöndlun, farið yfir þau hámarksgildi, sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.5, 2.1.6, 2.1.7, 2.1.8, 2.1.10 og 2.1.11 í viðaukanum, og að þessi meðhöndlun hafi ekki í för með sér myndun annarra skaðlegra efnaleifa,

d) séu greinilega merkt til að sýna notkun þeirra og með ábendingunni „afurðina skal flokka eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum til þess að draga úr aflatoxínmengun áður en hún er notuð til mannelis eða notuð sem innihaldsefni í matvælum“. Ábendingin skal koma fram á merkimiða sérhvers poka, kassa o.s.frv. og á upprunalegu fylgiskjali. Auðkenniskóði vörusendingar/-framleiðslueiningar skal merktur á óafmáanlegan hátt á sérhverjum poka, kassa o.s.frv. í vörusendingunni og á upprunalegu fylgiskjali.“

2. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Sértæk ákvæði fyrir jarðhnetur, önnur olíufræ, afurðir úr þeim og korn

Skýrar upplýsingar um fyrirhugaða notkun skulu koma fram á merkimiða sérhvers poka, kassa o.s.frv. og á upprunalegu fylgiskjali. Þetta fylgiskjal verður að tengjast vörusendingunni á skýran hátt þannig að auðkenniskóði vörusendingarinnar, sem er merktur á sérhvern poka, kassa o.s.frv. í vörusendingunni, sé gefinn upp í fylgiskjalinu. Auk þess verður starfsemi viðtakanda vörusendingarinnar, sem fram kemur í fylgiskjalinu, að samrýmast fyrirhugaðri notkun.

Ef ekki kemur skýrt fram að fyrirhuguð notkun sé ekki til mannelis skulu hámarksgildin, sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.5 og 2.1.11 í viðaukanum, gilda um allar jarðhnetur, önnur olíufræ og afurðir úr þeim og korn sem sett er á markað.

Að því er varðar undanþágu vegna jarðhnetna og annarra olíufræja til mulnings og beitingu hámarksgilda, sem mælt er fyrir um í lið 2.1.1 í viðaukanum, gildir undanþágan einungis um sendingar sem eru greinilega merktar til að sýna notkun þeirra og með ábendingunni „afurðina skal mylja til framleiðslu á hreinsaðri jurtaolíu“. Ábendingin skal koma fram á merkimiða sérhvers poka, kassa o.s.frv. og á fylgiskjali eða fylgiskjölum með sendingunni. Lokaviðtökustaður skal vera mulningsverksmiðja.“

3. Viðaukanum er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 2.1 (aflatoxín) komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

b) Í stað 5. neðanmálgreinar komi eftirfarandi:

„5) Hámarksgildin eiga við um æta hluta jarðhnetna og trjáhnetna. Ef jarðhnetur og trjáhnetur „með skurn“ eru efnagreindar skulu útreikningar á innihaldi aflatoxína miðast við að öll mengandi efni séu í æta hlutanum, nema um parahnetur sé að ræða.“

c) Eftirfarandi neðanmálgreinar bætast við:

„40) Olíufræ, sem falla undir SAT-númerin 1201, 1202, 1203, 1204, 1205, 1206, 1207, og afurðir úr þeim sem falla undir SAT-númerið 1208; melónufræ falla undir SAT-númer úr 1207 99.

41) Ef um er að ræða afurðir sem eru leiddar af eða unnar úr þeim og eru eingöngu eða nær eingöngu úr viðkomandi trjáhnetum gilda hámarksgildin sem fastsett eru fyrir samsvarandi trjáhnetur einnig um afleiddu eða unnu afurðirnar. Í öðrum tilvikum gilda ákvæði 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 2. gr. um afleiddu eða unnu afurðirnar.“

2. gr.

Reglugerð þessi gildir ekki um apríkósukjarna, olíufræ, önnur en jarðhnetur, eða unnar afurðir sem voru settar á markað fyrir gildistökdaginn í samræmi við þau ákvæði sem voru þá í gildi.

Sönnunarbyrðin varðandi þ að hvenær vörurnar voru settar á markað hvílir á stjórnanda matvælafyrirtækisins.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tíunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda á gildistökuþegi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„2.1.	Matvæli ⁽¹⁾	Hámarksgildi (□g/kg)		
		B ₁	Summa B ₁ , B ₂ , G ₁ og G ₂	M ₁
2.1.1.	Jarðhnetur og önnur olíufræ ^{o(40)} sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þær eru notaðar til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum, að undanskildum: jarðhnetum og öðrum olíufræjum sem á að mylja til framleiðslu á hreinsaðri jurtaolíu	8,0 (°)	15,0 (°)	—
2.1.2.	Möndlur, pistasíuhnetur og apríkósukjarnar sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þau eru notuð til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	12,0 (°)	15,0 (°)	—
2.1.3.	Heslihnetur og parahnetur sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þau eru notuð til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	8,0 (°)	15,0 (°)	—
2.1.4.	Trjáhnetur, aðrar en þær sem tilgreindar eru í liðum 2.1.2 og 2.1.3, sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þær eru notaðar til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	5,0 (°)	10,0 (°)	—
2.1.5.	Jarðhnetur og önnur olíufræ ^{o(40)} og unnar afurðir úr þeim, ætlaðar til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum, að undanskildum: óhreinsuðum jurtaolíum til hreinsunar hreinsuðum jurtaolíum	2,0 (°)	4,0 (°)	—
2.1.6.	Möndlur, pistasíuhnetur og apríkósukjarnar, ætluð til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum ^{o(41)}	8,0 (°)	10,0 (°)	—
2.1.7.	Heslihnetur og parahnetur, ætlaðar til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum ^{o(41)}	5,0 (°)	10,0 (°)	—
2.1.8.	Trjáhnetur, aðrar en þær, sem tilgreindar eru í liðum 2.1.6 og 2.1.7, og unnar afurðir úr þeim, ætlaðar til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum	2,0 (°)	4,0 (°)	—
2.1.9.	Þurrkuð aldin sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þau eru notuð til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	5,0	10,0	—
2.1.10.	Þurrkuð aldin og unnar afurðir úr þeim, ætluð til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum	2,0	4,0	—
2.1.11.	Allt korn og allar afurðir úr korni, þ.m.t. unnar kornafurðir, að undanskildum matvælum sem eru tilgreind í liðum 2.1.12, 2.1.15 og 2.1.17	2,0	4,0	—

Matvæli (¹)		Hámarksgildi (□g/kg)		
2.1.2012.	Maís og hrísgrjón sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þau eru notuð til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum	5,0	10,0	—
2.1.13.	Hrámjólk ⁽⁶⁾ , hitameðhöndluð mjólk og mjólk til framleiðslu á afurðum, að stofni til úr mjólk	—	—	0,050
2.1.14.	Eftirfarandi kryddtegundir: <i>Capsicum</i> spp. (þurrkuð aldin, heil eða möluð, þ.m.t. eldþipar (chilli), eldþiparduft, kajennþipar og paprika) <i>Piper</i> spp. (aldin, þ.m.t. hvítur og svartur þipar) <i>Myristica fragrans</i> (múskat) <i>Zingiber officinale</i> (engifer) <i>Curcuma longa</i> (gullinrót (túrmerik)) Kryddblöndur sem innihalda eina eða fleiri framangreindra kryddtegunda	5,0	10,0	—
2.1.15.	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ⁽³⁾ ⁽⁷⁾	0,10	—	—
2.1.16.	Ungbarnablöndur og stoðblöndur, þ.m.t. mjólk fyrir ungbörn og stoðmjólk ⁽⁴⁾ ⁽⁸⁾	—	—	0,025
2.1.17.	Sérfaða, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ⁽⁹⁾ ⁽¹⁰⁾ , ætluð sérstaklega fyrir ungbörn	0,10	—	0,025 ⁴⁴